

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

20. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn miðvikudaginn 28. janúar 2026 kl. 17 á Teams. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Þetta var tekið fyrir:



1. **Starfsmannamál.** Ragnhildur E. Sigfúsdóttir safnvörður sagði upp starfi sínu í október og lét af störfum í árslok. Staða sérfræðings í 60% starfshlutfalli var auglýst og sóttu 30 einstaklingar um starfið. Allar umsóknir voru metnar og tók safnstjóri 15 umsækendur í viðtal, þá sem menntun og safnareynsla höfðu. Ákveðið var að ráða Auði Ösp Gilsdóttur í starfið og hefur hún störf 2. febrúar. Verkefni hennar verða einkum sýningagerð, viðburðastjórnun og samfélagsmiðlar. Stjórn safnsins staðfestir ráðninguna. Auður Ösp er boðin velkomin til starfa við Byggðasafn Árnesinga. Einnig þakkar stjórnin Ragnhildi Elísabetu fyrir farsæl störf í þágu safnsins undanfarin sex ár.
2. **Ársreikningur og ársskýrsla 2025.** Bókhaldsgögn 2025 eru á leið til KPMG Endurskoðunar og má gera ráð fyrir að ársreikningur verði tilbúinn þegar stjórn fundar næst. Safnstjóri fer brátt að vinna að ársskýrslu fyrir starfsemi liðins árs sem einnig verður til umfjöllunar á næsta fundi.
3. **Lokaúttekt á Búðarstíg 22.** Lokaúttektin fór fram 16. desember án athugasemda byggingafulltrúa. HMS hefur einnig yfirfarið nýjar raflagnir með smávægilegum athugasemdum sem rafverktakinn mun lagfæra. Safnstjóra falið að kanna með endurmat hjá HMS. Stjórn er samþykkt því að ábyrgð byggingastjóra falli niður eftir fimm ár frá lokum framkvæmda.
4. **Bókhald og tengd þjónusta.** Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar hefur leitað tilboða í bókhaldsþjónustuna fyrir safnið. Beðið er eftir tilboðum.
5. **Verðskrá Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2026.** Lögð fram, rædd og samþykkt.
6. **Starfsemin.** Safnstjóri greindi frá starfi safnsins síðan í haust. Margir fjölsóttir viðburðir voru á safninu í október og fram í nóvember. Jóladagskrá safnsins hófst á aðventu og var vel tekið. Síðasta ár var safninu gott á margan hátt. Um þessar mundir koma leikskóla- og grunnskólanemar á Þorrasýningu sem haldin er að venju á þorra. Unnið er að gerð smiðjutexta og gerð nýs leiðsögubæklings. Undirbúningur er hafinn að páskaum með opnun örsýningar og svo rennur sumarið í garð. Í vor verða

grunnsýningar endurbættar, bæði í forsal Sjóminjasafnsins og á sögusýningu Hússins í bláustofunni. Sýningin *Yfir beljandi fljót* verður uppfærð fyrir sumarið. Af innri störfum má nefna endurskoðun Heildarstefnu Byggðasafns Árnesinga í samráði við eigendur safnsins.

7. **Næsti fundur.** Hann verður boðaður síðar.

Fleira ekki rætt að sinni. Fundi lauk kl. 18, fundargerðin var samþykkt með rafrænum hætti.